

Bæjarstjórn - 45

FUNDARBOÐ

45. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 26. febrúar 2026 og hefst
kl. 17:00

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

1. 2602003F - Bæjarráð - 41

Lögð fram fundargerð 41. fundar bæjarráðs.

2. 2601003F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 46

Lögð fram fundargerð 46. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa.

3. 2602002F - Skipulagsnefnd - 39

Lögð fram 39. fundargerð skipulagsnefndar.

4. 2602001F - Skóla- og fræðslunefnd - 24

Lögð fram 24. fundargerð skóla- og fræðslunefndar.

Erindi til kynningar

5. 2102003 - Fundargerðir - Samband íslenskra sveitarfélaga

Lögð fram fundargerð 992. fundar stjórnar Sambandsins frá 23. janúar 2026.

6. 2602003 - Farsímasamband í kjölfar lokunar 2G og 3G

Lagt fram minnisblað frá Gagna ehf. vegna lokuna 2G og 3G farsímakerfi.

**7. 2601015 - Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2026-2040
ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2026-2030**

Lögð fram umsögn sveitarfélagsins vegna tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2026-2040 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2026-2030.

Jafnframt eru lögð fram bréf sem sveitarfélagið sendi forsætisráðherra og innviðaráðherra þar sem áherslur sveitarfélagsins, einkum varðandi Breiðafjarðarferjuna Baldur, eru áréttaðar.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

8. 2502003 - Erindi Breiðafjarðarnefndar vegna jarðvinnu við Búðanes

Að beiðni Ragnars Mús Ragnarssonar, bæjarfulltrúa, eru lögð fram svör sveitarfélagsins við fyrirspurn Breiðafjarðarnefndar vegna jarðvegsvinnu og mótun söguleiðar við Búðanes, en verkefnið byggir á samstarfi sveitarfélagsins og Minjastofnunar Íslands.

9. 2501003 - Merkjalýsing - Daddavík 6

Lögð fram drög að breytingu á merkjalýsingu milli Daddavíkur 6 og Vatnsás 18, Golfklúbburinn Mostri. Þessi breyting er unnin samkvæmt breytingu á deiliskipulagi Víkurhverfis sem öðlaðist gildi í B-deild Stjórnartíðinda þann 3.7.2024 og er í gildi.

Bæjarráð samþykkti, á 41. fundi sínum, merkjalýsingu og vísaði henni til staðfestingar í bæjarstjórn.

10. 2211003 - Þjóðhátíðarnefnd

Lögð fram tillaga að kjöri í þjóðhátíðarnefnd 2026.

Bæjarráð samþykkti tillöguna á 41. fundi sínum og vísaði skipuninni til bæjarstjórnar.

11. 1909018 - Gjaldtaka bílastæða á hafnarsvæði

Á 35. og 40. fundi bæjarráðs var fjallað um heimild rekstraraðila á hafnarsvæðinu til að veita viðskiptavinum sínum gjaldfrjáls bílastæði á P1 út árið 2025 í gegnum útfærslu Parka. Markmið tillögunnar er að styðja við ferðaþjónustu, efla þjónustu og bæta aðgengi á svæðinu.

Bæjarráð samþykkti heimildina, á 35. fundi sínum, og vísaði áframhaldandi fyrirkomulagi gjaldtöku til umfjöllunar hjá atvinnu- og nýsköpunarnefnd. Atvinnu- og nýsköpunarnefnd tók, á 6. fundi sínum, undir að gjaldtakan á hafnarsvæðinu sé mikilvægur þáttur í uppbyggingu og viðhaldi þeirra innviða sem þjónusta ferðamenn. Nefndin samþykkti fyrirbyggjandi tillögu um að styðja við heimild rekstraraðila til að veita viðskiptavinum sínum gjaldfrjáls bílastæði, enda sé slíkt úrræði skynsamleg leið til að styðja við ferðaþjónustu á hafnarsvæðinu í ljósi gjaldtökunnar.

Í kjölfarið voru haldnir fundir með ferðaþjónustuaðilum og öðrum hagsmunaaðilum, og bæjarstjóra falið að endurskoða gjaldtöku. Lögð var fram tillaga að breyttri gjaldskrá sem bæjarráð samþykkti með fyrirvara um samráð við hafnarstjórn og atvinnu- og nýsköpunarnefnd.

Bæjarstjóri gerði, á 41. fundi bæjarráðs, grein fyrir fundum sínum með ferðaþjónustuaðilum á hafnarsvæði í samræmi við umræðu á síðasta fundi bæjarráðs með það að markmiði að aðlagja gjaldtöku á svæðinu þannig að hún hafi sem minnst áhrif á ferðaþjónustuaðila á hafnarsvæðinu. Á grunni framangreindra samtala var lögð fram fram tillaga að breyttri gjaldtöku á hafnarsvæði. Bæjarráð samþykkti fyrirbyggjandi tillögu að endurskoðun á gjaldskrá með fyrirvara um samráð við hafnarstjórn og atvinnu- og nýsköpunarnefnd. Lögð er nú fram fundargerð frá samráðsfundi með hafnarstjórn og atvinnu- og nýsköpunarnefnd, sem fram fór föstudaginn 20. febrúar.

12. 2602007 - Ný spennistöð við Austurgöt 4c

Lagt fram erindi frá Rarik vegna nýrrar spennistöðvar að Austurgötu 4c og lagna að spennistöðinni.

Bæjarráð samþykkti, á 41. fundi sínum, áform Rarik og vísaði þeim til staðfestingar í

bæjarstjórn.

13. 2303021 - Styrkumsóknir

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms auglýsti þann 28. janúar, eftir styrkumsóknum frá einstaklingum og fyrirtækjum í samræmi við reglur um styrkveitingar.

Umsóknarfrestur var til og með 18. febrúar. Lagðar eru fram styrkumsóknir sem bárust á auglýstum tíma.

Bæjarráð samþykkti, á 41. fundi sínum, fyrirleggjandi tillögu og vísaði henni til staðfestingar í bæjarstjórn.

14. 2102011 - Málefni félags- og skólaþjónustu Snæfellsnes

Málefni Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga voru tekin til umræðu á 24. fundi skóla- og fræðslunefndar.

Bæjarráð vísaði, á 41. fundi sínum, tillögu skóla- og fræðslunefndar til bæjarstjórnar.

15. 2206040 - Endurskoðun aðalskipulags

Lögð fram verkefnislýsing aðalskipulagsvinnu.

Skipulagsráðgjafi kynnir lýsinguna á 39. fundi skipulagsnefndar. Skipulagsnefnd samþykkti að kynna verkefnislýsinguna sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Bæjarráð samþykkti, á 41. fundi sínum, afgreiðslu skipulagsnefndar og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja verkefnislýsinguna til kynningar skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

16. 2405055 - Hraðhleðslustöðvar

Bæjarráð fól skipulagsfulltrúa, á 40. fundi sínum, að leggja fram tillögu að breytingu á deiliskipulagi við lóð Atlantsolíu.

Skipulagsfulltrúi lagði, á 39. fundi skipulagsnefndar, fram tvær tillögur að breytingu á deiliskipulagi Klapparás, verslunar- og þjónustusvæði, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga.

Skipulagsnefnd fór yfir tillögurnar að breytingu á deiliskipulagi. Nefndin valdi tillögu nr. 1 og lagði til að áfangaskipta eftir eftirspurn. Nefndin fól skipulagsfulltrúa að fullvinna þá tillögu og leggja aftur fyrir skipulagsnefnd.

Bæjarráð samþykkti, á 41. fundi sínum, afgreiðslu skipulagsnefndar og vísaði henni til staðfestingar í bæjarstjórn.

17. 2601005 - Úlfarsfell, byggingarleyfisumsókn

Sótt er um leyfi til byggingar íbúðarhúss og bílskúr/gestarými í landi Úlfarsfells.

Byggingarfulltrúi vísaði erindinu til skipulagsnefndar.

Skipulagsnefnd heimilaði, á 39. fundi sínum, byggingu ný íbúðarhúss og bílskúrs/gestarými í landi Úlfarsfells, þar sem heimild er fyrir því í Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2022, en heimilt er að byggja fjögur stök íbúðarhús á jörðinni og

þrjú frístundahús án þess að gera þurfi deiliskipulag. Á jörðinni er nú þegar staðsett eitt frístundahús og geymsluhús.

Bæjarráð samþykkti, á 41. fundi sínum, afgreiðslu skipulagsnefndar með og vísaði henni til staðfestingar í bæjarstjórn.

18. 2601009 - Ægisgata 1, fyrirspurn um sólskála

Sótt er um leyfi fyrir sólskála, en hönnunin gerir ráð fyrir að sólskáli komi ofan á núverandi staðsteypa vegg framan við hús.

Byggingarfulltrúi vísaði erindinu til skipulagsnefndar.

Skipulagsnefnd heimilaði, á 39. fundi sínum, byggingu sólskála og taldi ekki þörf á grenndarkynningu þar sem um er að ræða glerpak ofan á núverandi staðsteypa vegg framan við húsið. Staðsteypa veggurinn er 1,54 m á hæð og verður hækkunin 0,5 m eða 2,04 m þar sem hún er lægst og fer upp í 2,81 m þar sem hæðin er mest og er það fyrir miðju svæðisins.

Bæjarráð samþykkti, á 41. fundi sínum, að grenndarkynna málið fyrir eigendum Tangagötu 1 og 2 og Ægisgötu 3, 5, 7 og 9 og vísaði afgreiðslu bæjarráðs til staðfestingar í bæjarstjórn.

19. 2602009 - Jónsnes, fuglaskoðunarhús

Sótt er að nýju um leyfi til byggingar fuglaskoðunarhúss í landi Jónsness. Umsóknin tekur mið af áður samþykktu leyfi sem rann út þar sem framkvæmd var ekki hafin innan gildistíma.

Byggingarfulltrúi vísaði erindinu til skipulagsnefndar.

Ennremur er sótt um framkvæmdaleyfi fyrir vegstæði að húsi.

Skipulagsnefnd heimilaði, á 39. fundi sínum, byggingu húsnæðis á grunni framanlagðra ganga, þar sem heimild er fyrir því í Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2022, en heimilt er að byggja fjögur stök íbúðarhús og þrjú frístundahús án þess að gera þurfi deiliskipulag. Á jörðinni er nú þegar eitt íbúðarhús, tvær geymslur og hjallur, skv. fasteignaskrá.

Skipulagsnefnd gat ekki fallist á að um fuglaskoðunarbirgi sé að ræða sbr. upptalningu í kafla 4.1 í aðalskipulagi Helgafellssveitar.

Í ljósi þess að ekki hefur verið fallist á að um fuglaskoðunarbirgi sé að ræða áréttaði nefndin að formlega þarf að ganga frá skilgreiningu húsnæðisins, frístundahús/íbúðarhús, áður en áformin verða endanlega samþykkt af hálfu byggingarfulltrúa.

Skipulagsnefnd lagði áherslu á að húsið verði staðsett 50 m. frá sjó og að yfirlitsmynd sé í réttum kvarða.

Ekki er hægt að veita framkvæmdaleyfi fyrir vegstæði, þar sem gögn vantar s.s. hönnun vegarins og fl. gögn sbr. 7.gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Umsagnir Skipulagsstofnunar, Vegagerðarinnar, Minjastofnunar og Náttúruverndarstofnunar liggja fyrir. Skipulagsnefnd frestaði afgreiðslu um framkvæmdaleyfi þar til fullnægjandi gögn berast.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar, á 41. fundi sínum, og vísaði henni til staðfestingar í bæjarstjórn.

20. 2503016 - Berserkjahraun Sjávarhús

Sótt er um leyfi til að byggja sjávarhús í landi Berserkjahrauns.

Skipulagsnefnd tók erindið fyrir á 29. fundi sínum þann 10. apríl 2025 og var samþykkt að afla umsagna frá Minjastofnun og Náttúruverndarstofnun og að sækja þurfi framkvæmdaleyfi fyrir vegi að húsinu. Einnig benti skipulagsnefnd að byggingarreitur skuli ekki vera nær en 50 metrum frá fjöruborði miðað við stórstraumsflæði. Bæjarráð og bæjarstjórn staðfestu afgreiðslu skipulagsnefndar á 32. fundi bæjarráðs og 36. fundi bæjarstjórnar.

Skipulagsnefnd heimilaði, á 39. fundi sínum, byggingu sjávarhúss/frístundahús í landi Berserkjahrauns þar sem heimild er fyrir því í Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2022, en heimilt er að byggja fjögur stök íbúðarhús á jörðinni og þrjú frístundahús án þess að gera þurfi deiliskipulag. Á jörðinni er nú þegar eyðibygging og heimild er til að vinna deiliskipulag vegna frístundahúss.

Bæjarráð samþykkti, á 41. fundi sínum, afgreiðslu skipulagsnefndar og vísaði henni til staðfestingar í bæjarstjórn.

21. 2401022 - Samstarf um uppbyggingu í Víkurhverfi

Bæjarstjórn samþykkti, á 39. fundi sínum, að hefja viðræður við Skipavík ehf. um samstarf um skipulag og uppbyggingu íbúðarhúsnæðis vestan Borgarbrautar í Víkurhverfi á grunni fyrirliggjandi gagna.

Bæjarstjórn vísaði samningaviðræðum við Skipavík ehf. til vinnslu í bæjarráði og lagði til samráð við skipulagsnefnd um skipulagshluta samningsins. Þá óskaði bæjarstjórn þess að fulltrúar Skipavíkur ehf. fengju sem fyrst tækifæri til þess að kynna áform sín og hugmyndir nánar á sameiginlegum fundi bæjarráðs og skipulagsnefndar. Á 36. fundi bæjarráðs mættu fulltrúar Skipavíkur ehf. til fundar við bæjarráð og gerðu grein fyrir áætlunum sínum. Bæjarráð fól bæjarstjóra að leggja grunn að drögum að samkomulagi í samræmi við umræður á fundinum og leggja fyrir bæjarráð.

Í samræmi við ofangreint voru lögð fram drög að samkomulagi milli sveitarfélagsins og Skipavíkur ehf. á 40. fundi bæjarráðs.

Bæjarráð samþykkti, á 40. fundi sínum, að haldinn yrði sameiginlegur vinnufundur með fulltrúum skipulagsnefndar og bæjarstjórnar þar sem línur sveitarfélagsins yrðu lagðar og í framhaldi af þeim fundi muni bæjarráð funda ásamt formanni skipulagsnefndar með fulltrúum Skipavíkur ehf.

Bæjarráð fól bæjarstjóra, á 41. fundi sínum, að óska eftir fundi með Skipavík ehf. til að fjalla um samkomulag milli sveitarfélagsins og Skipavíkur ehf.

Á 39. fundi skipulagsnefndar mættu bæjarfulltrúar og fulltrúar Skipavíkur til fundar og gerðu grein fyrir málinu. Skipulagsnefnd tók jákvætt í frekari uppbyggingaráform í Víkurhverfi og lagði til að bæjarráð gangi frá viljayfirlýsingu við Skipavík.

Bæjarráð samþykkir viljayfirlýsingu við Skipavík ehf., með tveimur atkvæðum

Hrafnhildar Hallvarðsdóttur og Steinunnar Ingibjargar Magnúsdóttur, og leggur til við bæjarstjórn að samþykkja hana.

22. 2006020 - Samkomuhúsið í Stykkishólmi við Aðalgötu 6

Lögð fram drög að samningi sveitarfélagsins og Aftanskin, félags eldri borgara í Stykkishólmi, um afnot af Samkomuhúsinu við Aðalgötu 6. Samningurinn er í samræmi við áherslur fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins og miðar að því að koma húsnæðinu í nothæft ástand og í samfélagslega notkun í samstarfi við Aftanskin.

Bæjarráð tók, á 40. fundi sínum, jákvætt í fyrirbyggjandi hugmyndir og fól bæjarstjóra að halda áfram viðræðum Aftanskin um fyrirbyggjandi samningsdrög og lagði til að málið yrði kynnt safna- og menningarmálanefnd.

Bæjarráð vísaði, á 41. fundi sínum, samningnum til samþykktar í bæjarstjórn.

23. 2602010 - Framkvæmdaleyfisumsókn - Endurbygging Stykkishólmsvegur (58) Þingvallavegur - Stykkishólmur - Endurbætur

Vegagerðin óskar eftir framkvæmdaleyfi vegna fyrirhugaðra framkvæmda skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerðar nr. 772/2012 vegna styrkingar og endurbyggingar Stykkishólmsvegur (58): Þingvallavegur - Stykkishólmur.

Skipulagsnefnd lagði til, á 39. fundi sínum, að skipulagsfulltrúi afgreiði framkvæmdaleyfisumsóknina.

Bæjarráð samþykkti, á 41. fundi sínum, afgreiðslu skipulagsnefndar og vísaði henni til staðfestingar í bæjarstjórn.

24. 1808022 - Minnispunktar bæjarstjóra

Lagðir fram minnispunktar bæjarstjóra.

24.02.2026
Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri.